



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Arkitektúr

Deilihagkerfi:

Ég fæ þitt, þú færð mitt

Ritgerð til BA prófs í Arkitektúr
Hulda Ragnildur Hjálmarsdóttir
Haustönn 2017

Arkitektúr

**Deiliahagkerfi:
Ég fæ þitt, þú færð mitt**

**Ritgerð til BA prófs í Arkitektúr
Hulda Ragnildur Hjálmarsdóttir
Kt. 0207952639
Leiðbeinandi: Aðalheiður Atladóttir
Haustönn 2017**

Úrdráttur

Undanfarin ár hefur orðið „deiliahagkerfi“ verið áberandi í samfélagssumræðunni. Þá er einkum átt við skammtímaleigu á íbúðarherbergjum eða heilu íbúðunum fyrir ferðamenn með hjálp netvæddrar bókunarþjónustu. Deiliahagkerfið er einnig tengt netvæddri leigubílaþjónustu og skammtímaleigu á reiðhjólum og bílum. Segja má að þjónusta af þessu tagi sé markaðsvædd samnýting. Hún snýst um hagnað og það getur haft kosti og galla. Að deila einhverju er andstæðan við það að græða á einhverju. Í grunninn byggir deiliahagkerfið á því að fólk deilir hlutunum, skiptist á að nota þá, samnýtir þá. Slíkt fyrirkomulag hefur líklega fylgt mannum alla tíð. Það hefur til dæmis þekkt lengi að fólk sem fer í ferðalög til annarra landa skiptist tímabundið á heimilum til að spara sér hótélkostnað. Það kallast heimilisskipti og er vinsælt. Á millistríðsárunum og á árunum eftir seinni heimsstyrjöldina var erfitt efnahagsástand og mikill húsnaðisskortur. Á þeim tíma var byggt mikið af fjölbýlishúsum á Norðurlöndunum þar sem hönnuðir lögðu mikla áherslu á samnýtingu. Eftir fjármála og húsnaðishrunið 2008 mynduðu arkitektar teymi sem settu sér það verkefni að finna sjálfbærari lausnir. Í þessari ritgerð eru samfélagsleg áhrif deiliahagkerfis í borgum skoðuð og gerð grein fyrir framlagi arkitekta. Saga samnýtingar á húsnaði á Norðurlöndum og í Reykjavík á 20. öld er rakin og meðal annars stuðst við húsakannanir Minjastofnunar. Sagt er frá áhugaverðu verkefni sem kallaðist Hæg breytileg átt. Til að fá betri mynd af því sem er að gerast í þessum efnum á Íslandi í dag var tekið viðtal við Guðrúnu Björnsdóttur, framkvæmdarstjóra Félagsstofnunar stúdenta og Jakob Línadal arkitekt hjá ALARK arkitektum. Einnig er stuðst við danska tímaritið „Sharing City Magazine“. Niðurstaða ritgerðarinnar er að deiliahagkerfi er ekki nýtt fyrirbæri. Það sem er nýtt er markaðsvæðing samnýtingarinnar. Það kemur einnig í ljós að þegar velferðin jókst á seinni hluta 20. aldar minnkaði samnýtingin og sameignum fækkaði, en séreign og sérnýting varð meiri. Í dag hefur áhugi á meiri samnýtingu aukist. Lífshættir, fjölskyldumynstur og heimilishald hafa breyst frá því sem áður var.

Efnisyfirlit

Inngangur	6
1. Deiliahagkerfi	7
Hvað er deiliahagkerfi.....	7
Sambýli.....	8
2. Deiliahagkerfi á Íslandi.....	10
Félagslegt húsnæði í Reykjavík - Stúdentaíbúðir.....	10
Hæg breytileg átt.....	12
3. Deiliíbúðir og samgöngur.....	13
Deiliíbúðir – Airbnb og Intervac.....	13
Deilibílakerfi.....	15
„Co-housing” í London og í Kópavogi.....	16
5. Deiliahagkerfi í Danmörku.....	18
Lokaorð.....	21
Heimildaskrá.....	22

Inngangur

Ég fæ þitt, þú færð mitt.

Undandarin ár hefur orðið mikil vakning á því sem kallast deiliahagkerfi. Ástæðurnar fyrir því eru sennilega margar. Netið hefur gert fólki um allan heim kleift að samnýta eignir í gegnum samskiptamiðla. Bókunarþjónustur á borð við *Airbnb*, *Couchsurfing* og *Uber* eru sífellt vinsælli. Við erum tilbúin að deila eignunum okkar hvort sem það er hjólið ~~okkar~~ eða heilu íbúðirnar. Fólk er orðið meðvitaðara um hvað það er mikilvægt að nýta umhverfi og innviði á umhverfisvænan og hagkvæman hátt. Deiliahagkerfið snýst í sinni hreinustu mynd um að skiptast á greiðum og þjónustu eða að samnýta án þess að peningar skipti um eigendur. Mig langar að athuga samfélagsleg áhrif deiliahagkerfis í borgum og skoða hvaða hlutverk arkitektúr og arkitektar geta haft í því samhengi. Ég ætla að kanna tilraunir og rannsóknir á deiliahagkerfinum sem hafa verið gerðar hérlendis og erlendis.

Áætlað er að árið 2050 muni um 70 prósent íbúa heims búa í borgum.¹ Ástæðurnar fyrir vinsældum borganna eru örugglega margar. Þær bjóða upp á fleiri tækifæri í lífnu, menntun, atvinnu, félagsskap og menningu. Borgirnar virðast líka vera mjög hagkvæm efnahagsleg og pólitísk eining á tímum hnattvæðingar. Og þær eru í tísku, fá mikla umfjöllun og það er sífellt er verið að búa til lista yfir lífvænlegustu borgir heimsins.² Borgirnar eru í samkeppni sín á milli um fjármagn, fyrirtæki og fólk. Borgarferðir eru líka orðin stór þáttur í ferðaþjónustu í heiminum. Við sjáum það meðal annars í auglýsingum hér á landi.

Borgir einkennast af gríðarlega miklu byggingarmagni á afmörkuðu landsvæði og stór hluti svæðisins fer undir innviði eins og götur og bílastæði. Byggingar borga-eru yfirleitt hannaðar og skilgreindar fyrir sérstaka nýtingu svo sem íbúðir, skrifstofur, verksmiðjur, verslanir, skóla og hótél. Slík húsnæði eru oft mjög sérhæfð og eru aðeins í notkun hluta sólarhringsins. Þegar fólk eldist situr það gjarnan uppi með alltof stórt og illa nýtt húsnæði. Þegar börnum fækkar í hverfum standa eftir hálf tómir skólar, íbúðir standa auðar þegar íbúarnir fara í frí, algengt er að skólar séu auðir í sumarfríum. Skrifstofuhúsnæði er notað lítinn hluta dagsins. Sama gildir um ýmsa innviði borganna. Bílastæði eru auð stóran hluta

¹ „Occupied.” *RMIT University*. 29 Júlí. 2016 - 24. September 2016, Sótt 4. September 2017 af <http://designhub.rmit.edu.au/exhibitions-programs/occupied>.

² Hjálmar Sveinsson og Hurnd Skarphéðinsdóttir, *Borgin - heimkynni okkar*. Reykjavík: forlagið, 2017, bls.18.

sólarhringsins og einnig göturnar. Samt segja rannsóknir að bílarnir séu kyrrstæðir 95% sólarhringsins, þótt ótrúlegt megi virðast.³

Á sama tíma fjölgar borgarbúnum stöðugt. Húsnæðisverð á vinsælum stöðum í borgunum hækkar ört og verður óviðráðanlegt fyrir þá sem eru ekki með öruggar og góðar tekjur. Það á sennilega sinn þátt í því að fólk fer að nýta sér ýmsar leiðir í samnýtingu til að minnka húsnæðiskostnaðinn. Auk þess gera alltaf fleiri og fleiri sér grein fyrir að byggingarlandið er ekki óendanlegt og ekki heldur orkugjafar eins og olía og bensín. Allt þetta á þátt í því að í dag er horft meira til betri nýtingar bygginga og innviða en áður var gert.

Það skiptir líka miklu máli að lífsmynstur fólks hefur breyst og heimilin hafa breyst. Hin hefðbundna fjölskylda með foreldrum og börnum virðist vera víkjandi en einstaklings heimilum fjölgar.⁴ Fólk er meira á ferð og flugi en áður. Fyrirtæki og stofanir eru alltaf að verða alþjóðlegri. Heimurinn er smám saman að verða eitt atvinnusvæði. Þar að auki hafa fleiri og fleiri efni á því að ferðast og ferðamannaíðnaðurinn í heiminum vex stöðugt. Þetta er farið að hafa veruleg efnahagsleg og félagsleg áhrif. Undanfarin ár hefur Ísland verið nálægt því að setja heimsmet í fjölgun ferðamanna.⁵

Í skýrslum sem gerðar hafa verið um ferðaþjónustuna á Íslandi kemur fram að ekki er nóg af hótélherbergjum til að hýsa alla ferðamennina.⁶ Það er sennilega ein ástæðan fyrir því að ferðamenn nýta sér bókunarþjónustur eins og Airbnb sem tengir þá við eigendur húsnæðis í íbúðarhverfum. Mikilvægasta ástæðan fyrir vinsældum Airbnb er líklega ódýari leiga miðað við hótélherbergi. Auk þess finnst fólki áhugavert að kynna mannlífina í viðkomandi borgum í gegnum gestgjafa. Mörgum finnst það einfaldlega skemmtilegra en að búa á hótélum

³ Morris, David Z, „Today's cars are parked 95 % of the time”, *Fortune*, 13. Mars 2016. Sótt 4. september af <http://fortune.com/2016/03/13/cars-parked-95-percent-of-time/>.

⁴ Jón Rúnar Sveinsson, „Kjarnafjölskyldan er í minnihluta” *Mbl.is*, 16. febrúar 2004. Sótt 4 september 2017 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/781317/>.

⁵ Elín Margrét Böðvarsdóttir, „Ekkert lát á fjölgun ferðamanna” *Mbl.is*, 6 Janúar 2017. Sótt 4. september af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/01/06/ekkert_lat_a_fjolgun_ferdamanna/.

⁶ Ingólfur Bender, Ásta Björk Sigurðardóttir, Jóhanna Katrín Pálsdóttir, Óðinn Valdimarsson, Elvar Orri Hreinsson og Íris Káradóttir, Íslandsbanki, Íslensk ferðaþjónusta, 29 febrúar 2016. Sótt 11 desember 2014 af [https://www.islandsbanki.is/library/Skrar/Fyrirtaeki/Ferdathjonustuskysrsla 2016.pdf](https://www.islandsbanki.is/library/Skrar/Fyrirtaeki/Ferdathjonustuskysrsla%202016.pdf).

1. Deiliahagkerfi

Hvað er deiliahagkerfi?

Deiliahagkerfi snýst um samnýtingu, en það er ekki nýtt fyrirbrigði í samfélögum. Samnýting hefur sennilega alltaf verið partur af mannlegu samfélagi. Í fátækari samfélögum er sú athöfn að deila með öðrum, partur af hinu daglegu lífi þar sem tekjur eru litlar eða engar og einkaeigur fáar. Fólk gat ekki lifað af án þess að samnýta og deila. Fyrir mörg þúsund árum þá samnýttu ættbálkar og smærri samfélög veiðilendur og deildu bráðinni með sér.⁷ Síðar meir í landbúnaðarþjóðfélögum samnýttu bændur beitolönd sín, t.d. á afréttum á Íslandi.

Fólk deildi einnig húsnæði. Hér á Íslandi hafa fundist leifar af mjög stórum víkingaskálum þar sem 20 – 30 manns bjuggu saman.⁸ Enn í dag deila ættbálkar saman skálum á nokkrum stöðum í heiminum. Íslenski torfbærinn þróaðist upp úr skálum frá Landnámsöld. Þar bjuggu fjölskyldurnar og vinnufólk undir einu þaki og samnýttu flest rými. Nefna má önnur dæmi um samnýtingu og sameign.

Á Íslandi eru sundlaugarnar td. ein vinsælasta sameigin þeirra sem hér búa. Við nýtum sundlaugarnar með hvert öðru og tengjumst jafnvel félagslegum böndum við aðra fastagesti lauganna. Önnur dæmi um sameignir og samnýtingu eru leikhús, almenningsgarðar, þjóðgarðar og almenningsgangur.

Bókasöfn í almenningsseigu ganga út á samnýtingu. Þar getum við fengið lánaðar bækur og tímarit í ákveðinn tíma og síðan skilað aftur svo næsta manneskja geti notið góðs af. Einnig má oft finna litla bókastanda í almenningsgördum þar sem fólk getur tekið sér bók að láni og skilað henni aftur þegar hentar. Fyrir nokkrum árum var tiltölulega vinsælt að fá geisladiska með tónlist og kvikmyndum á bókasöfnum. Í dag hefur það breyst því þetta efni er komið á stafrænt form og hægt að fá aðgang að því í alls kyns gangasöfnum og veitum á netinu.

Í dag hefur upplýsingartæknin opnað nýja og áður óþekkt tækifæri í samnýtingu. Áður fyrr var samnýtingin hluti af staðbundnum aðstæðum hvort sem það var í sveitum, borgum eða bæjum. Upplýsingartæknin gerir okkur hins vegar kleift að skiptast á upplýsingum á örfáum sekúndum um allan heim og það hefur gert samskipti okkar og viðskipti margfalt

⁷ Fjalland, Emmy Laura Perez ritstýrði, Roskilde University, Danish Architecture Centre, *Sharing City: A Co-Created Magazine on the Sharing Economy of Cities and Local Communities*. The Danish Architecture centre, apríl 2017, bls.38.

⁸ Páll Vilhjálmsson. „Ingólfur var Garðbæingur” *Pallvil.blog.is*, 20 maí 2017. Sótt af https://pallvil.blog.is/blog/pall_vilhjalmsjon/entry/2201723/http://pallvil.blog.is/blog/pall_vilhjalmsjon/entry/2196178/.

hraðvirkari og víðtækari en áður var. Segja má að þessi tækni hafi opnað alveg nýjar víddir og þegar talað er um deiliahagkerfið í dag er yfirleitt átt við samskipti sem byggja á þessari tækni.

Sambýli

Hægt er að deila íbúðum og íbúðarhúsum á fleiri en einn veg. Landnámsskólar og torfbæirnir eru dæmi um samnýtingu húsnæðis. Sama má segja um íbúðarhús þar sem nokkrar kynslóðir búa saman; afinn og amman, foreldrar og börn. Stúdentagarðar eru dæmi um húsnæði þar sem samnýtingin er nokkuð mikil og sama mætti segja um þjónustustofnanir eins og elliheimili. Amenn fjölbýlishús eru dæmi um íbúðarhúsnæði þar sem sem ákveðnir hlutar húsanna, svo sem inngangar og stigauppgangar, eru í sameign og þar með deilt. Þróunin hefur samt lengi verið sú að sameign og samnýting minnkar en séreign og sérnýting vex. Svalagangshús eru dæmi um það og í dag er aðstaða fyrir þvottavél í flestum nýjum íbúðum en ekkert sameiginlegt þvottahús. Það var ekki alltaf þannig.

Á fyrri hluta 20. aldarinnar var mikill skortur á húsnæði í borgum. Þá var algengt að stéttarfélög stofnuðu byggingasamvinnufélög sem höfðu það hlutverk að byggja íbúðir á viðráðanlegu verði fyrir félagsfólk. Þessi félög voru ekki rekin til að skapa gróða. Á Norðurlöndunum, einkum í Svíþjóð og Danmörku, voru byggð svo kölluð “kollektivhus”, einkum á 5. og 6. áratugunum. Húsin voru oft byggð í fúnksjónalískum stíl og þar voru leikskólar, leikfimissalir matsalir og eldhús þar sem eldað var fyrir íbúana.⁹

Fyrstu íbúðirnar sem voru byggðar af húsnæðissamvinnufélagi í Reykjavík eru Verkamannabústaðirnir við Hringbraut og Ásvallagötu. Þær voru teknar í notkun árið 1932. Þetta voru eignaíbúðir en í húsasamstæðunni var sameiginleg þvotta- og þurrkaðstaða og geymslur í kjallara, tvær verslanir og lestrarsalur þar sem taflfélag íbúanna hafði aðstöðu en breyttist síðan í bókasafn sem varð fyrsti vísir að Borgarbókasafninu.¹⁰

Eftir seinni heimsstyrjöldina byggðu húsnæðissamvinnufélög prentara, kennara og fleiri stétta mörg fjölbýlishús, einkum á Melunum í Vesturbænum og við Hjarðarhaga. Þar

⁹ „Kollektivhus” *Wikipedia*, Sótt 11. desember af <https://sv.wikipedia.org/wiki/Kollektivhus>.

¹⁰ Páll V. Bjarnason og Drífa Kristín Þrastardóttir, „Húsakönnun, verkamannabústaðirnir við Hringbraut, Minjasafn Reykjavíkur, skýrsla nr.12” Sótt 17. september 2017 af http://borgarsogusafn.is/sites/borgarsogusafn.is/files/atoms/files/skyrsla_123.pdf.

voru sameignleg þvotthús og þurrkhús, geymslur og stundum fundarsalir.¹¹ Í fyrstu háhýsunum sem risu í Reykjavík, Sólheimablokkunum sem teiknaðar voru fyrir byggingarfélagið *Framtak* af arkitektunum Einari Sveinsyni, Gunnlaugi Halldórssyni og Guðmundi Kr. Kristinssyni, var gengið enn lengra. Í þeim voru og eru sameingleg þvottahús, leikherbergi, þakgarður, fundarsalur og saumastofa. Á jarðhæð er samkomusalur og í kjallara sameiginleg frystigeymsla og stór hjólageymsla.¹² Í háhýsunum sem risu skömmu síðar á Austurbrún var svipað fyrirkomulag og að einhverju leyti líka í stóru blokkinni við Æsufell í Efra-Breiðholti.¹³ Önnur útfærsla á sambýli eru svokölluð “kynslóðahús”. Þau eru miklu minni í sniðum en stórhýsin frá 5. og 6. áratugnum enda voru þau hönnuð fyrir nokkrar kynslóðir sömu fjölskyldu. Ef orðið kynslóðahús er slegið inn á leitarvél kemur meðal annars upp viðtal við Pál V. Bjarnason arkitekt í morgunblaðsgrein frá 1981 undir fyrirsögninni “Kynslóðahús, nýtt sambýlisform”. Þar kemur fram að þannig hús hafi verið algeng frá landnáms tíð, að það sé enn til í sveitum en það fyrirfinnist ekki lengur í borgum. Sagt er að “örlítill áhugi” virðist vera vakna á slíku búsetuformi í borgum. Páll segir í viðtalinu:

“Slík hús gætu verið með ýmsum hætti, til dæmis ef um þrjár kynslóðir væri að ræða, þá gætu barnafjölskyldan og afinn og amman haft séríbúð fyrir sig, en svo gætu fjölskyldurnar haft sameiginlegt rými eins og sjónvarpsherbergi, tómsundaherbergi, þvottaherbergi, geymslu og jafnvel eldhús. Yngsta kynslóðin gæti haft svefnálmu með athafnarými og salerni en hver kynslóð hefði sér inngang að sínum vistarverum.”¹⁴

Páll segir að ókosturinn við slíkt húsnæði sé sá að fjölskyldurnar geti breyst og húsnæðið henti ekki lengur. Kannski er það ástæðan fyrir því að svona húsnæði náði ekki í gegn. Fjölskyldurnar og heimilin hafa breyst mikið eins og hér hefur komið fram. Ég held líka að mín kynslóð skilji ekki orð eins og “sjónvarpsrými” og “tómsundaherbergi”. Mín kynslóð horfir ekki á dagskrá í sjónvarpi með allri fjölskyldunni. Í dag horfir hver fyrir sig á eitthvað efni sem maður velur á netinu.

¹¹ Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísu Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, „Byggðakönnun, borgarhluti 4 – Laugardalur. Minjasafn Reykjavíkur, Skýrsla nr 126”, Reykjavík 2013. Sótt 17 september 2017 af http://borgarsogusafn.is/sites/borgarsogusafn.is/files/atoms/files/skyrsla_162.pdf.

¹² Sama heimild og áður.

¹³ Einar Guðmundsson, „Æsufell, Reykjavík (Efra Breiðholt)” Sótt 11. desember af <http://egfasteignamidlun.is/soluskra/eign/346451>.

¹⁴ Hildur Einarsdóttir, „Kynslóðahús, nýtt sambýlisform”, *Morgunblaðið*, 225 tölublað, 9 október 1981. Sótt 11. desember af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=118385.ht.

2. Deiliahagkerfi á Íslandi

Félagslegt húsnæði í Reykjavík - Stúdentaíbúðir

Eitt af markmiðum Reykjavíkurborgar í aðalskipulaginu 2010 – 2030 er að vinna með byggingarfélögum sem hafa þá stefnu að byggja húsnæði á viðráðanlegu verði. Dæmi um það er úthlutun lóða til húsnæðissamvinnufélagsins Búseta og byggingarfélaga stúdenta.

Ég fór á fund Guðrúnar Björnsdóttur framkvæmdarstjóra Félagstofnunar stúdenta til að forvitnast um stefnu í húsnæðisbyggingu.

Ég byrjaði á því að spyrja hana hverjar megin áherslur varðandi íbúðir stúdenta væru. Guðrún segir Félagstofnun stúdenta virka eins og “uppeldisstöð”. Í þeim búi ungt fólk, sem sem að mótast í samfélaginu og mikilvægt að hlúa vel að þeim. Auk þess segir hún að eitt stærsta heilbrigðisvandamál á Íslandi sé félagsleg einangrun, þunglyndi og kvíði. Að hennar mati er sá vandi partur af breyttu samfélagsformi og því heimils- og fjölskyldumynstri sem nú er algengast. Ég spyr næst hvort Félagstofnun leggi áherslu á samnýtingu rýma í stúdentaíbúðunum. Guðrún segir frá því að aðaláhersla þeirra sé að byggja húsnæði sem styður félagslega uppbyggingu. Félagstofnun vilji bæta vellíðan einstaklinga og ýta undir samskipti fólks innanhúss. Deilanlegu rýmin eru oftast stofur, eldhús, þvottarými og geymslur. Nýju studentagarðarnir eru sumir byggðir eins og hótél en með sameiginlegum rýmum. Í Brautarholti 7 hefur verið lögð áhersla á að koma sem flestum sameiginlegum rýmum fyrir.

“Brautarholt 7 er ný bygging hjá okkur, randbyggð með svalagangshúsi sem snýr að garði. Við vildum leggja áherslu á að hafa eins fáa innganga í húsinu til þess að tryggja að fólk hittist á sama stað í húsinu. Auk þess sem við vildum bæta við samkomusölum í húsinu og öðrum sameiginlegum rýmum eins og þvottahúsi með líkamsræktartækjum. Mér finnst þetta vera svo sniðugt upp bæði á kostnað og samskipti. Það er mikið sósíal líf í sambúðarformi.”¹⁵

Síðan spyr ég Guðrúnu um hvernig byggingarreglugerð sé á Íslandi og skipulagslög. Að hennar mati er ýmislegt sem mætti breyta. Samkvæmt reglugerðinni mega herbergi hérlendis ekki vera minni en 18 fermetrar sem Guðrún segir vera of stórt. „Því stærra sem herbergið er því minni hvatning er að fara út því”.¹⁶ Hún nefnir að á Norðurlöndnum eru minni herbergi leyfð og að því leyti séu þau lönd fyrirmyndir sem hægt sé læra margt af. Ég

¹⁵ Viðtal 1, 7. Nóvember, Viðtal höfundar við Guðrúnu Björnsdóttir.

¹⁶ Viðtal 1, 7. Nóvember, Viðtal höfundar við Guðrúnu Björnsdóttir.

spyr að lokum hvaða fyrirmyndir frá norðurlöndunum Félagsstofnun stúdenta hafi skoðað. Hún segir að stofnunin fari reglulega í heimsóknir til norðurlanda í þeim tilgangi að skoða hönnun og uppbyggingu stúdentaíbúða. Hún nefnir að stúdentaíbúðirnar í Tietgen í Danmörku séu vel heppnað húsnæði. Þær eru í hringlaga húsi sem er teiknað af dönsku arkitektastofunni Lundgaars og Tranberg Arkitekter.¹⁷ Guðrún segir besta kostinn við hönnunina þann að íbúarnir séu alltaf í sjónlínu við aðra íbúa. Þar byrja þessi félagslegu tengsl, segir hún. Því næst geta þeir hist í garðinum sem er staðsettur í miðju.

Stúdentaíbúðir eru oftast en ekki hannaðar með einhvers konar sameiginleg rými í huga. Þessi rými eru hagkvæm fyrir fólk sem vill búa ódýrt og vera í félagsskapi annarra. Námsmenn eru líklegir til þess að sækjast eftir slíkum íbúðum. Guðrún nefnir að eftir útskrift og dvöl nemenda á stúdentagörðum séu þeir oft í vandræðum á hinum almenna leigumarkaði. Valmöguleikarnir geta verið einsleitir. Íbúðir sem eru í boði geta verið of dýrar og of stórar fyrir fólk sem er ekki búíð að stofna til fjölskyldu. Leigumarkaðinn skortir oft íbúðir með sameiginlegum rýmum. “Stúdentar sem hafa búíð í sambúðarformi eins og á stúdentagörðunum hafa meiri löngun en áður að flytja í svipaðar íbúðir á hinum almenna markaði. Við viljum koma á markað fleiri sameignarfermetum og færri séreignarfermetum.”¹⁸

Guðrún segir frá því að Félagsstofnun stúdenta ásamt Félagsbústöðum hafi nýlega fengið kauprétt að íbúðum í Vesturbugt, við gömlu höfnina. Þar verður blanda af félagslegum íbúðum og íbúðum á hinum almenna leigumarkaði.

Smáforrit (app) gætu einnig komið til gagns í íbúðum sem hannaðar eru með áherslu sambúðarform. Eins og áður hefur komið fram er Airbnb vinsælt meðal annars vegna þess hversu aðgengilegt það er. Fólk sem deilir sameiginlegum rýmum í fjölbýli gæti nýtt sér kosti smáforrita til að deila með sér rýmum, eignum og fleira. Þörf þess að eiga ákveðna hluti á tilteknum tíma beytist sífellt á tímaskeiði okkar. Við getum því leyft eignum okkar að flakka, eftir að við höfum notað þær, til þeirra sem þess þurfa. Þar geta smáforrit komið til gagns til að deila á auðveldan hátt.

¹⁷ „Tietgen Dormitory, Lundgaard and Tranberg Architects”, *ArchDaily*, 7. febrúar. Sótt 11. Desember 2017 af <https://www.archdaily.com/474237/tietgen-dormitory-lundgaard-and-tranberg-architects>.

¹⁸ *Viðtal 1*, 7. Nóvember, Viðtal höfundar við Guðrúnu Björnsdóttir.

Hæg breytileg átt

„Á meðan koma fram rannsóknir sem segja að einsemdin sé stóra plágan sem gæti átt eftir að gera út af við mannkynið. Þá skiptir máli hvernig samskiptin við nágranna eru hvernig við hittum annað fólk, hvert er hið sameiginlega rými? Þetta veit sálfræðin.”¹⁹

Eftir hrun fjármálakerfisins og hrun húsnæðismarkaðarins árið 2008 fóru margir að hugsa um það hvernig fólk gæti breytt lífsháttum sínum og hvernig væri hægt að byggja hagkvæmara og sveigjanlegra húsnæði. Árið 2014 var auglýst eftir umsóknum frá ólíkum hópum til að fá hugmyndir um visvtæna, samfélagsmeðvitaða, hagkvæma, og framsækna íbúðarkosti í þéttbýli. Í hópunum voru sérfræðingar á ólíkum sviðum svo sem, hagfræði, viðskiptafræði, sálfræði, þjóðfræði, verkfræði, arkitektúr, landslagsarkitektúr, hönnunar, myndlistar, fjölmiðlunar, margmiðlunar og ritlistar.²⁰ Hóparnir skoðuðu nokkur svæði í Reykjavík og komu með tillögur um hvernig hægt væri að vinna að uppbyggingu þeirra. Tillögurnar voru meðal annars kynntar á fundi í Ráðhúsinu og með útgáfu á bókinni *Hæg breytileg átt*. Tilvitnunin fyrir ofan er úr þessari bók.

Hópurinn *Skeifan rúðuborg* lagði áherslu á að endurskoða Skeifuna. Svæðiðið var byggt sem iðnaðarhverfi á sínum tíma en er skilgreint í dag sem verslunarsvæði. Hópurinn vildi leggja áherslu á notkun almenningsamgangna þar sem mikil umferð ríkir á svæðinu. Auk þess vildu þau þetta svæðið og byggja við hús sem eru til staðar. Þar eru mörg verslunarymi sem þeim fannst geta nýst sem íbúðarhúsnæði.

Annar hópurinn *2,5x5: Bær* kom með tillögu um vistvæna framtíðarsýn fyrir Reykjavík. Hópurinn lagði áherslu á sjálfbærni eins og endurnýjanlegar orkubirgðir, bættar almenningsamgöngur og styrkingu deiliahagkerfisins. Þau halda að þörfin fyrir bílastæði sé minni en áður og þess vegna mögulegt að byggja á þeim. Tillagan lýsir íbúðareiningum sem eru jafnstórar og bílastæði eða 2,5 x 5 metrar og mynda 25 - 65 fermetra íbúðir. Íbúðareiningarnar eru breytilegar eftir þörfum íbúanna sem þar búa. Samstæðar einingar íbúðanna geta myndað sameiginlega þakgarða. Íbúðirnar eru auk þess hannaðar með sameiginleg rými og þvottahús, gestarými og vinnustofur. Jarðhæðir yrðu nýttar sem verslunar-, og þjónustuými, endurvinnslustöðvar, hjólaleigur og fleira.

Þriðji hópurinn kallaði sig *Homo sum* eða „ég er maður”. Tillaga þeirra snerist um að þetta byggð og að hanna blandaðan íbúðarklasa við Héðinsreit. Hópurinn skoðaði meðal

¹⁹ Anna María Bogadóttir ritstýrði, *Hæg breytileg átt*, Ísland: Hönnunarsjóður Aurore, 2015, bls 32.

²⁰ *Hæg breytileg átt*, bls 6.

annars hvers konar rými sé hægt að samnýta og möguleika til að rækta í nágreninu og heilsársræktun. Spurningin var: „Hvernig getur bygging stuðlað að andlegri og félagslegri betrun“?

Fjórði og síðasti hópurinn kallaði sig *Lókal Glóbal*. Þau skoðuðu hvernig hægt sé að koma til móts við sveigjanlegt fjölskyldumynstur, ólík búsetuform og nýja tækni. Tillaga þeirra snerist um „að þróa ákveðið hnattrænt tölvutækt húsnæðiskerfi þar sem notandinn byggir upp eigið búsetuform eftir þörfum og kostnaðarvitund.“²¹ Lókal Glóbal vann með Múlahverfið og Laugardalinn með það markmið að endurnýja virkni þess og að skapa heilsusamlegt og líflegt svæði.

Þessi verkefni fjalla flest um illa nýtt rými í borginni. Hvernig megi þetta byggðina á lífvænlegan hátt, breyta starfsemi ákveðinna svæða, auka sjálfbærni, samnýta rými eða koma upp nýju hnattrænu, tölvutæku húsnæðiskerfi. Þau takast á við þær samfélagslegu breytingar sem eiga sér stað í dag.

3. Deiliíbúðir og samgöngur

Deiliíbúðir – Airbnb og Intervac

Líklega er Airbnb frægasta og vinsælasta útfærsla deilihagkerfisins. Airbnb er bókunarþjónusta sem miðlar upplýsingum um íbúðir. Hún gerir fólki um allan heim mögulegt að leigja íbúðir þegar það er á ferðalögum. Og hún gerir íbúðareigendum sömuleiðis mögulegt að drýgja tekjur sínar.

Upprunann má rekja til ráðstefnu sem var haldin í San Francisco, öll hótél voru uppbókuð og tveir hönnunarnemar auglýstu rými í íbúð sinni til þess að leigja gestum ráðstefnunnar. Eftir að hafa stórgrætt á því stofnuðu þeir árið 2008 síðuna Airbnb sem varð æ vinsælli með árunum og hefur haft mjög mikil áhrif á nýtingu íbúðarhúsnæðis eins og sjá má í dag.²² Í Reykjavík er Airbnb nokkuð vinsælt. Árið 2015 voru um 1.900 íbúðir í leigu eða um 4 % allra íbúða í Reykjavík. Um allt Ísland voru um 3500 íbúðir eða herbergi skráð á Airbnb.²³

²¹ Anna María Bogadóttir ritstýrði, *Hæg breytileg átt*, Ísland: Hönnunarsjóður Auroru, 2015, bls 155.

²² Guðrún Björg Eggertsdóttir. „Staðfærsla og ímynd Airbnb; samræmi milli staðfærslu og ímyndar Airbnb á Íslandi.“ Háskólinn í Reykjavík, Júní 2017, bls 3.

²³ Gunnar Alexander Ólafsson, „Íbúðagisting, rannsókn á umfangi íbúðagistingar í ferðaþjónustunni“, Háskólinn á Bifröst, Október 20, Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/ Acrobat/Ibudagisting-SKYRSLA.pdf>, bls 18 – 19.

Airbnb er hagnaðardrifið fyrirtæki þar sem viðskiptin eru ekki á milli einstaklinga heldur í gegnum bóknarþjónustu sem tekur ákveðið gjald, auk þess borga leigjendur leigu fyrir þann tíma sem þeir dvelja í íbúðinni. Að þessu leyti er fyrirkomulagið ólíkt öðru eldra fyrirkomulagi sem byggist því að skiptast á heimilum. Dæmi um það er miðlunarþjónustan Intervac sem stofnuð var árið 1953 til að gera fólki mögulegt að ferðast til annarra landa og dvelja þar ókeypis á heimilum. Þar með losnar fólk við hótélkostnað sem getur verið dýrasti kostnaðarliðurinn í ferðlaginu. Fjölskyldan eða einstaklingurinn sem þú skiptir við fær afnot af þínu heimili á sama tíma eða eftir samkomulagi. Þeir sem skiptast þannig á íbúðum eru skiptifélagar. Á íslenskri heimsíðu Intervac stendur mottóið “Við erum öll ríkari þegar við deilum”.²⁴

Intervac er mjög gott dæmi um deilifyrirkomulag sem snýst um að skiptast á hlutum, ef hægt er að kalla heimili hlut, en ekki um tekjur á húsnæðismarkaði. Airbnb hefur sína kosti og galla. Þó því fylgi ákveðið frelsi og tækifæri, getur verið erfitt að hafa eftirlit á þeim íbúðum sem eru í leigu Airbnb. Samkeppni getur myndast á húsnæðis- og leigumarkaði. Einstaklingar eða fyrirtæki geta keypt fjölda íbúða í þeim tilgangi að græða á þeim í gegnum Airbnb. Íbúðin er að vísu í fullri nýtingu og því fleiri, því betra er það fyrir ferðamenn að finna sér svefnstað. Hins vegar getur þetta leitt til þess að fjöldi íbúða hverfur af húsnæðismarkaðnum. Það bitnar á þeim sem búa og starfa í viðkomandi bæ eða borg. Skortur á húsnæði leiðir til hækkandi húsnæðisverðs. Þetta á einkum við um miklar ferðamannaborgir. Af þeim sökum hafa nokkrar slíkar borgir, Berlín, San Fransico, Barselóna, sett lög sem takmarkan rétt íbúðareiganda til að setja íbúðir sínar í túristaleigu. Þetta vandamál á einnig við um ferðamannalandið Ísland. Hér voru nýlega sett lög sem takmarka Airbnb leigu við 90 daga á ári. Ef farið er yfir þann dagafjölda þurfa íbúðareigendur að skilgreina leiguna sem atvinnustarfsemi og borga miklu hærri opinber gjöld.²⁵

²⁴ Þessi einkennisorð Uber má finna á heimasíðu þeirra, *Intervac-homeexchange.com*. Sótt 11. desember af <https://is.intervac-homeexchange.com>.

²⁵ „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007 (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi)”, þingskjal 731 - 457 mál, Alþingi. Sótt 13. desember af <https://www.althingi.is/altxt/145/s/0731.html>.

Deilibílaakerfi

Ferðapjónustur í Reykjavík sem styðjast við deiliahagkerfið fara fjölgandi á sama tíma og ferðamannastraumurinn eykst. Við deilum ekki einungis rýmum í gegnum smáforrit eins og Aribnb heldur einnig bílum. Deilibílaakerfi má rekja til 1948 í Zurich og var vinsælt í Norður Evrópu fram til 1980.²⁶

Íslensk smáforrit og heimasíður bjóða upp á samnýtingu bíla. Caritas.is er vefsíða þar sem einstaklingar geta auglýst bíla sína til leigu víðs vegar um landið. Samferða.is er önnur síða þar sem fólk getur auglýst bílferðir, boðið upp á laust pláss og deilt bensínkostnaði með farþegum.

Í Bandaríkjunum hefur leigubílaþjónusta Uber látið mikið til sín taka. Það er dæmigert að fyrirtækið á sjálft enga bíla heldur felst þjónustan í því að tengja saman þá sem vantar bílfar og þá sem eiga bíla og vilja nýta þá til að afla sér tekna með því að keyra fólk á milli staða. Á heimasíðu Uber er fyrirtækinu lýst sem “tákn sveigjanlegra nýrra leiða fyrir fólk að vinna sér inn pening auk þess að að breyta ferðmátum í borgum, styrkja staðbundið hagkerfi og bæta aðgengi að samgöngum sem allir geta notið góðs af.”²⁷

Deilibílaþjónusta hefur einnig rutt sér til rúms austan hafs og vestan. Hún hentar þeim sem þurfa öðru hvoru að skjótast á milli staða í borgunum en hafa ekki áhuga á að eignast og reka bíl. Þetta fer þannig fram að að maður gerist meðlimur í félagi sem rekur deilibíla fær aðgang að smáforriti sem sýnir manni hvar næsti lausi bíll er. Svo skilar maður bílnum á næsta lausa bílastæði og borgar eingöngu fyrir mínúturnar eða klukkustundirnar sem maður notar. Stærstu deilibílaþjónusturnar eru í Þýskalandi og Bandaríkjunum og heita Car to go, Drive Now og Zipcars. Síðastnefnda fyrirtækið byrjað að bjóða þjónustu sína í Reykjavík.²⁸

Víðs vegar um heiminn, einkum í evrópskum borgum, eru starfræktar hjólaleigur þannig íbúar og ferðamenn hafa aðgang að hjólum allan ársins hring. Slíkar hjólaleigur eru oftast ekki tengdar smáforritum þar sem fólk getur fundið næsta hjólstand og greitt fyrir þau miðað við þann tíma sem þau nota. Dæmi um slíkar þjónustur eru Velib' í Frakkalandi, Villo! í

²⁶ Codagnone, Cristiano og Martens, Bertin, á „Scoping the sharing economy: origins, definitions, impact and regulatory issues”, *JRC technical reports: Institute for prospective technological studies digital economy working paper 2016/01*, 2016. Sótt 17. september 2017 af <https://ec.europa.eu/jrc/sites/jrcsh/files/JRC100369.pdf>, bls 4.

²⁷ Þessi einkennisorð Uber má finna á heimasíðu þeirra *Uber.com*. Sótt 11. desember af <https://www.uber.com/>

²⁸ Gunnar Dorfi Ólafsson. „Zipcar opnar við HÍ í næstu viku”, *Viðskiptablaðið*, 2 nóvember 2017. Sótt 11. desember 2017 af <http://www.vb.is/frettir/zipcar-opnar-vid-hi-i-naestu-viku/142501/>.

Belgíu, City Bikes í Danmörku og Helsinki City Bikes í Finnlandi. Í Reykjavík eru nú einnig að finna slíkar þjónustur svo sem Wow Citybike.

Deiliahagkerfið býður því upp á breyttar samgöngur sem hefur áhrif á borgarlandslagið. Arkitektúr borgarinnar þarf því að laga sig að slíku umhverfi. Reykjavík er dæmi um höfuðborg sem hefur enn ekkert neðanjarðarlestarkerfi, spor-, eða togvagna. Samkvæmt könnun ferðavenja sumarið 2014 hafði notkun einkabílsins að dregast saman úr 87% allra ferða árið 2007 í 75 % árið 2014.²⁹ Einnig kom fram að um 4 % svarenda notaði strætó. Af þessu má lesa að helsti ferðamáti reykvíkinga er á bíl og þar að auki margir sem reka bíl. Ef slíkar eignir eru samnýttar betur gæti það mögulega dregið úr kostnaði einstaklinga við að reka td. bíl. Bílum gæti fækkað í borginni en notagildi þeirra aukist. Þetta getur orðið til þess að ekki þurfi að byggja risastór umferðamannvirki fyrir bíla, leggja stór og verðmæt svæði undir bílastæði – sem eru auð stóran hluta sólarhringsins. Sem gæti haft mjög góð áhrif á borgarumhverfið og minnkað hinn mikla kostnað sem einstaklingar og samfélagið í heild sinni þarf að borga fyrir alla bílaumferðina. Þetta gæti verið upphafið að því að bílar verði meira í sameign en séreign.

„Co-housing” í London og í Kópavogi

Árið 2016 var opnað deilihúsnæðið The Collective Old Oak í norð -vestur hluta London.³⁰ Húsnæðið rúmar hundruði manns og býður íbúum þess ýmiss konar þjónustu og afþreyingu svo sem veitingarstað, bíósal, spa, líkamsræktarstöð og fleira. Stofnendur þess segja meginmarkmiðið vera að takast á við húsnæðisvandannum í borginni, þar sem algengt sé að ungt fólk þurfi að eyða um 40 – 50 % af tekjum sínum í húsnæðiskostnað, auk þess að njóta þess deila húsnæði með öðrum.³¹ Þetta húsnæði hefur vakið talsverða athygli. Meðal annars var fjallað um það í Morgunblaðinu í október 2017 undir fyrirsögninni „Deilihúsnæði lausn á húsnæðiskreppunni.”

²⁹ Bjarni Reynarsson, „Sumarferðir 2014; viðhorfskönnun unnin fyrir vegagerðina“, Land-ráð sf., 2014. Sótt 11. Desember 2017 af [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Sumarferdir_2014_greinargerð/\\$file/Sumarferðir 2014 greinargerð.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Sumarferdir_2014_greinargerð/$file/Sumarferðir%202014_greinargerð.pdf), bls. 3.

³⁰ „Deilihúsnæði lausn á húsnæðiskreppunni”, *Mbl.is*, 22. október 2017. Sótt 17. September 2017 af http://www.mbl.is/frettit/erlent/2017/10/22/deili_husnaedi_lausn_a_husnaediskreppunni/h.

³¹ Sama heimild.

Teiknistofan Alark vinnur nú í verkefninu „CoHótel Kópavogur“ sem er áhugaverð samblanda almennra íbúða og hótels. Verkefninu má líkja við Old Oak í London og Kentish Town Collective sem einnig er staðsett í London. „CoHótel Kópavogur“ ætlar að bjóða húsnæði fyrir íbúa sem búa jafnvel bara hluta ársins á Íslandi eins og almennir ferðamenn, fjölskyldur í ferðahug eða yngra fólk sem kys að vera á leigumarkaðnum. Teiknistofan er rekin af Jakobi Líndal og Kristjáni Ásgeirssyni arkitektum. Stofan hefur einnið að verkefnum á borð við íbúðarhótel sem snertir á deiliahagkerfinu. Ég fékk að senda Jakobi Líndal nokkrar spurningar og byrjaði að spyrja hvort ALARK arkitektar leggi áherslu á að teikna deilihúsnæði.

Jakob; „Nei, við leggjum ekki áherslu á það en erum áhugasöm og forvitin um þetta búsetuviðhorf sem er að birtast í ýmsum myndum út um allan heim í dag. Áherslur í verkefnum eru samspil óska og viðhorfa verkkaupa ekki síður en hönnuða, þannig að verkefnið verður að vera þess eðlis og geta rúmað það markmið.”

Er deilihúsnæði nýtt hugtak í arkitektúr í á Íslandi í dag ?

Jakob; „Deilihúsnæði er nokkuð nýtt hugtak, en það hefur auðvitað verið til í ýmsu formi fram til þessa. T.d. stúdentagarðar sem deila eldhúsi og alrými, Edduhótelin sem nýta heimavistirnar skólanna á sumrin. En almennar íbúðir eru nú í fyrsta sinn á þessum markaði vegna Airbnb. Þörfin fyrir þessar gerðir íbúða í deiliahagkerfi er sprottin út frá minnkandi heimi með tilkomu internetsins. Fólk er orðið færanlegra og er ekki eins staðbundið og það hefur verið fram til þessa. Þegar fólk þarf að búa víðs vegar um heiminn, nokkra mánuði í senn, sprettur þessi þörf fyrir deiliíbúðir sem lífsform. Við hjá ALARK erum með í undirbúningi íbúðarhótel sem verður „CoHótel Kópavogur“ eða „Co-operative living hótel in Kópavogur“. Þar verður að finna mikið úrval af alls kyns stærðum af búsetuúrræði.”

Leitið þið að einhverjum fyrirmyndum frá Norðurlöndunum ?

Jakob; „Þær fyrirmyndir sem við höfum fundið eru aðallega frá Bretlandi og svo Studio Muc í Munchen”.

Hamlar byggingareglugerð og skipulagslög á Íslandi ykkur á einhvern hátt?

Jakob; „Byggingareglugerð og skipulag leyfir hótel og gistiheimili sem gengur vel í því umhverfi. Það er öllu óljósara þegar þarf að skilgreina þetta sem ”íbúðir”, með tilheyrandi skyldum sveitafélaganna og aðra skattlagningu.”³²

³² Viðtal 2, 4. desember, 2017. Viðtal höfundar við Jakob Líndal.

Jakob sagði mér einnig frá því að íbúðirnar geta verið notaðar sem orlofsíbúðir fyrir félagssamtök, svokallaðar Time-share íbúðir og tímabundar starfsmanna íbúðir. Íbúðarformið snertir á deilihagkerfi að því leyti að íbúar geta bókað búsetu til ákveðins tíma en framleigt til annarra ef þess þarf. Þar að leiðandi er rýmið alltaf í notkun. Fyrirkomulag íbúðanna byggir á því að íbúar og ferðamenn hafa allir aðgengi að einkarými en einnig að þessu sameiginlega rými svo sem hjólaleigu, bílaleigu, líkamsræktarstöð, veitingarstaða, samkomusala og minni þjónustufyrirtækja.³³

5. Deilihagkerfi í Danmörku

Í danska tímaritinu Sharing City Magazine er að finna bæði rannsóknir og tilraunaverkefni um virkni þess að deila. Hvort sem það er innan borga eða bæja. Þar er gert grein fyrir tilraunum um samnýtingu víðsvegar í Danmörku svo sem við Frederikssund, Kaupmannahöfn, Middel fart, Slagelse, Lerje og Nyborg. Áhugaverð dönsk verkefni sem leggja áherslu á samnýtingu eru meðal annars, FriRUM lab, Multikant.dk, Naboskab og Farm Backup.

Frederikssund er meðal þeirra fimm bæja sem fjallað er um í tímaritinu sem hefur nýtt sér kosti deilihagkerfis. Bærinn er í Norður-Sjálandi í Danmörku. Sveitarstjórnin við Frederikssund tók þátt í verkefninu Deleby eða „deilibær“. Verkefnið má rekja til ársins 2006 sem.³⁴ Markmið þess var að kanna möguleika deilihagkerfis víðs vegar í Danmörku. Verkefnið hófst í bænum Sønderborg og má rekja aftur til ársins 2006. Deleby býður upp á samstarf danskra sveitarstjórna sem vilja leggja áherslu á hagkvæmar lausnir varðandi auðlindastjórnun, hreyfanleika og velferð. Auk þess að kanna sjálfbær viðskipti sem deilihagkerfið býður upp á.³⁵ Frederikssund tók einnig þátt í verkefnum á borð við Stop Food Waste, Share your green space, The Green House og The book tree. Markmið bæjarins var að koma á betri nýtingu núverandi umhverfis og auðlinda meðal íbúa, fyrirtækja og samtaka. Bærinn Vinge er staðsettur við útjaður Frederikssund. Íbúðarhverfið sem þar á að koma er

³³ *Viðtal 2*, 4 desember, Viðtal höfundar við Jakob Línal.

³⁴ Pilegaard, Charlotte. „Deleby” *Sønderborg*, 3 nóvember, 2017. Sótt 20 október 2017 af <https://sonderborgkommune.dk/politik-og-indflydelse/deleby.h>.

³⁵ Fjalland, Emmy Laura Perez og Landbo, Brian ritstýrðu, Roskilde University, Danish Architecture Centre, *Sharing City; A Co-Created Magazine on the Sharing Economy of Cities and Local Communities*, The Danish Architecture Centre, Apríl 2017. Sótt 4 september 2017 af http://www.dac.dk/media/8893261/sharing_city_magazine.pdf, bls 54-55.

enn í uppbyggingu en hönnun þess styðst við deilihagkerfið. Íbúðirnar verða smáar en sameiginlega umhverfið stærra. Frumkvöðlahópurinn Vinge Gror eða Vinge grows vinnur einnig að tillögu að sérstöku „deilihúsi“ í bænum.³⁶

Höfuðborgin Kaupmannahöfn ræður yfir mikið af sameignum, eins og von er. Í stefnu borgarinnar fyrir árin 2016-2019 er áhersla lögð á samnýtingu á menningar-, og tómstundarsviði. Markmið borgarinnar er að efla líflegt þéttbýli, skapandi menningarstarfsemi og meiri þátttöku. Menningar-, og frístundþjónusta borgarinnar verður opnari, til að mynda með aðgengi að bóksafni utan opnunartíma.³⁷ Í Kaupmannahöfn og bænum Lerje eru einnig svokallaðir Naboskab eða „hverfisskápar“. Að þeim standa samtök sem kalla sig „Naboskap“ og bjóða upp á þrenns konar samnýtanlega skápa í borginni. Skáparnir er tilraun til þess að gera íbúum kleift að deila og skipta eignum sínum, endurvinnna þær og endurnýta.³⁸ Naboskab eru raflæstir skápar sem sem íbúar geta opnað með lykli eða smáforriti, einnig skápar þar sem íbúar geta deilt leikföngum, bókum, fatnaði o.fl. og að lokum skápar í almenningsrýmum þar sem hægt er að deila eignum í stærra samhengi. Naboskab býður einnig upp á námskeið og fyrirlestra. Samtökin eiga meðal annars í samstarfi við húsfélag, heimili, leigufyrirtæki og almenningshúsnæði.

Middelfart er bær í suður-Danmörku. Stefna sveitarfélagsins er að aðlagast deilihagkerfinu og koma á meiri sjálfbærni. Samkvæmt „Sharing city magazine“ telur sveitastjórnin mikilvægt að einblína á félagslega velferð íbúa með hagkvæmum hætti. Eitt af þeirra verkefnum í dag er að endurnýta og betrumbæta reiðhjól sem hefur verið fleygt íhauga með járnarusli. Bærinn hefur fengið sjálboðaliða til starfa sem safnað hjólunum og gera við þau. Flóttafólk fær þau svo að gjöf.

Bærinn Slagelse, í suðvestur Sjálandi, hefur unnið að því að gera bæinn aðgengilegan fyrir alla sem þar búa. Sveitastjórnin hóf verkefni sem kallast Bis'koppin sem er í bænum Bisserup. Bis'koppin eru samtök þar sem íbúar í dreifbýlinu geta komið saman þrisvar í viku og deilt eignum í nærumhverfi sínu.³⁹ Einnig starfa samtök sem takast á við matvæladrefingu og kalla sig Fødevarer Lokalt. Samtökin gera framleiðendum kleift að dreifa vöru sinni meðal íbúa svæðisins og verslanna, veitingarstaða og kaffihúsa. Sveitarstjórn Slagelse hefur sutt aldráða sem glíma við einhvers konar sjúkdóma til þess að hreyfa sig með því að gefa aðgang af rafljóllum utan þjónustutíma. Bærinn hefur komið upp deilibilakerfi fyrir starfsfólk

³⁶ Fjalland og Landbo ritstýrðu, *Sharing City; A Co-Created Magazine on the Sharing Economy of Cities and Local Communities*, bls 54-55.

³⁷ Sama heimild, bls. 56-57.

³⁸ Sama heimild, bls. 26.

³⁹ Sama heimild, bls 60 – 61.

ríkisins sem eiga kost á því að deila á milli sín 12 bílum. Sveitastjórn Slagelse telur mikilvægt að leggja áherslu á góða nýtingu auðlinda sem hvetur til hagstæðra viðskipta og meiri sparnaðar.⁴⁰

Sønderborg er bær á suður-Jótlendi. Bærinn hefur söguleg tengsl við deiliahagkerfið. Í stefnuskrá bæjarins er lögð áhersla á lýðheilsu, sjálfbærni og mannréttindi.⁴¹ Í Sønderborg eru ýmis verkefni í gangi og starfrækt samtök sem styðja samnýtingu íbúa. Grejbank for alle, eða hlutabankinn fyrir alla, beitir sér fyrir því að íbúar Sønderborgar njóti góðs af náttúru og útivist með því að skapa hagkerfi sem styður viðburði á borð við bæjarhátíðir, matarmarkaði, námskeið og fleira. Samtökin telja að það muni laða bæði ferðamenn og nýja íbúa í bæinn. Íbúar bæjarins og minni nágrennbæja hafa aðgang að rafmagns deilibílum. Bílana er hægt að bóka í gegnum netið og eru öllum aðgengilegir.

„Sharing city magazine“ er áhugavert tímarit og sönnun þess hversu mikilvægt deiliahagkerfið er orðið í Danmörku. Þau verkefni og samtök sem hafa sprottið í kjölfarið, í þeim fimm bæjum sem nú hefur verið fjallað um, bera merki þess að íbúar og sveitastjórnir sjá heilmikil tækifæri í samnýtingu. Hluti þessara samtaka telja ekki mikilvægt að nýta sér netmiðla eða smáforrirsér til stuðnings. Samtökin Naboskab telja betra að það skapi meiri félagslega nánd að deila hlutunum á staðnum, augliti til auglitis en að gera það í gegnum netið.

Lokaorð

Samnýting og þar með deiliahagkerfi hefur líklega alltaf verið partur af mannlegu samfélagi. Samnýtingin virðist fara mikið eftir samfélagsgerð, efnahagsástandi og því umhverfi sem fólk býr í. Saga síðustu áratuga sýnir að í erfiðu efnahagsástandi og húsnæðisskortri er húsnæði hannað og byggt með tiltölulega mikilli samnýtingu. Svokölluð kollektivhús í Svíþjóð og Danmörku eru gott dæmi um það. Þau voru hönnuð til að skapa lífsgæði, félagstengsl og húsnæði á viðráðanlegu verði. Hér á Íslandi var þróunin sú svipuð. Á millistríðsárunum og eftirstríðsárunum var byggt mikið af fjölbýlishúsum þar sem íbúarnir deildu þvottahúsum, geymslum, fundarherbergjum og jafnvel samkomusölum.

⁴⁰ Fjalland og Landbo ritstýrðu, *Sharing City; A Co-Created Magazine on the Sharing Economy of Cities and Local Communities*. Bls 60 – 61.

⁴¹ Sama heimild, bls 62 – 63.

Þegar efnahagur samfélagsins batnar virðist þörfin fyrir samnýtingu minnka. Sameignir breytast í séreignir og fólk hættir að deila hlutunum. Séreignahagkerfið tekur yfir, sameignarhagkerfið hverfur. Þannig var þróunin á seinni hluta 20. aldar. Íbúðirnar verða að vöru á markaði.

Fjármálahrunið á Íslandi 2008 var tengt offjárfestingu og hruni á húsnæðismarkaði. Í ljós kom að allt kerfið var ósjálfbært. Eftir hrunið varð ákveðin vitundarvakning í samfélaginu. Þælingar fóru af stað um betri nýtingu lands, innviða og húsnæðis. Hraðvirk samskipti á netinu hafa líka haft mikið að segja. Samfélögin eru á sífellri breytingu. Miklar vinsældir Airbnb bókunarþjóstunnar eru skýrt dæmi um það. Við höfum verið að færast færast fjær hvort öðru en samfélagsmiðlarnir tengja okkur aftur saman. Samnýting getur verið þáttur í að styrkja félagsleg bönd. Við erum einstaklingar sem búum ein, heimsborgar sem eiga fleiri en eitt heimili, fjölskyldur sem sífellt tvístrast og sameinast í senn. Við erum fólk sem hefur ekki efni á nýjum bíl en þurfum samt sem áður að komast vega okkar. Samfélagið sem við lifum í dag kallar eftir húsnæði og umhverfi sem býður upp á þennan fjölbreytileika. Deiliahagkerfið getur verið sá möguleiki.

Heimildaskrá

Anna María Bogadóttir ritstýrði, „Hæg breytileg átt”, Ísland, Hönnunarsjóður Auroru, 2015.

Bjarni Reynarsson, „Sumarferðir 2014; viðhorfskönnun unnin fyrir vegagerðina”, Land-ráð
sf. Sótt 11. desember 2017 af
[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Sumarferdir_2014_greinargerð/\\$file/Sumarferðir%202014%20greinargerð.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Sumarferdir_2014_greinargerð/$file/Sumarferðir%202014%20greinargerð.pdf).

Codagnone, Cristiano og Martens, Bertin, „Scoping the sharing economy: origins, definitions, impact and regulatory issues” *JRC technical reports: Institute for prospective technological studies digital economy working paper 2016/01*, 2016. Sótt 17. september 2017 af <https://ec.europa.eu/jrc/sites/jrcsh/files/JRC100369.pdf>, bls. 4.

„Deilihúsnæði lausn á húsnæðiskreppunni” *Mbl.is*, 22 október 2017. Sótt 17. September 2017 af
http://www.mbl.is/frettir/erlent/2017/10/22/deili_husnaedi_lausn_a_husnaediskreppunni

Elín Margrét Böðvarsdóttir. „Ekkert lát á fjölgun ferðamanna” *Mbl.is*, 6 Janúar 2017. Sótt 4. september af
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/01/06/ekkert_lat_a_fjolgung_ferdamanna/.

Einar Guðmundsson, „Æsufell, Reykjavík (Eftra Breiðholt)” Sótt 11. desember af
<http://egfasteignamidlung.is/soluskra/eign/346451>.

Fjalland, Emmy Laura Perez og Landbo, Brian ritstýrðu, Roskilde University, Danish Architecture Centre, *Sharing City; A Co-Created Magazine on the Sharing Economy of Cities and Local Communities*. The Danish Architecture centre. April 2017. Sótt 4. september 2017 af
http://www.dac.dk/media/8893261/sharing_city_magazine.pdf.

„Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007 (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi)”,

Þingskjal 731 - 457 mál, Alþingi. Sótt 13. desember af
<https://www.althingi.is/altext/145/s/0731.html>.

Guðrún Björg Eggertsdóttir, „Staðfærsla og ímynd Airbnb; samræmi milli staðfærslu og ímyndar Airbnb á Íslandi.” Háskólinn í Reykjavík, Júní 2017, bls 3. Sótt 13. desember af
<https://skemman.is/bitstream/1946/29148/1/staðf.imynd.gbe.pdf>.

Gunnar Alexander Ólafsson, Jón Bjarni Steinsson, Árni Sverrir Hafsteinsson, Brimar Aðalsteinsson, Snorri Guðmundsson og Vilhjálmur Egilsson, „Íbúðagisting, rannsókn á umfangi íbúðagistingar í ferðaþjónustunni”, Háskólinn á Bifröst, Október 2015, Sótt 17. september 2017, <https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/Acrobat/Ibudagisting-SKYRSLA.pdf>.

Gunnar Dorfi Ólafsson. „Zipcar opnar við HÍ í næstu viku”, *Viðskiptablaðið*, 2 nóvember 2017. Sótt 11. desember 2017 af <http://www.vb.is/frettir/zipcar-opnar-vid-hi-i-naestu-viku/142501/>.

Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, „Byggðakönnun, borgarhluti 4 – Laugardalur. Minjasafn Reykjavíkur, Skýrsla nr 126, Reykjavík 2013”. Sótt 17. september 2017 af
http://borgarsogusafn.is/sites/borgarsogusafn.is/files/atoms/files/skyrsla_162.pdf.

Hildur Einarsdóttir. „Kynslóðahús, nýtt sambýlisform”, *Morgunblaðið*, 225 tölublað, 9. október 1981.

Hjálmar Sveinsson og Hurnd Skarphéðinsdóttir, *Borgin - heimkynni okkar*. Reykjavík: forlagið, 2017.

Ingólfur Bender, Ásta Björk Sigurðardóttir, Jóhanna Katrín Pálsdóttir, Óðinn Valdimarsson, Elvar Orri Hreinsson og Íris Káradóttir, „Íslensk ferðaþjónusta”, Íslandsbanki, 29 febrúar 2016. Sótt 11. desember 2017 af
[https://www.islandsbanki.is/library/Skrar/Fyrirtaeki/Ferdathjonustuskysrsla 2016.pdf](https://www.islandsbanki.is/library/Skrar/Fyrirtaeki/Ferdathjonustuskysrsla%202016.pdf).

Jón Rúnar Sveinsson, „Kjarnafjölskyldan er í minnihluta” *Mbl.is*, 16. febrúar 2004. Sótt 4. september 2017 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/781317/>.

„Kollektivhus” *Wikipedia*. Sótt 11. desember af <https://sv.wikipedia.org/wiki/Kollektivhus>.

Morris, David Z, „Today's cars are parked 95 % of the time”, *Fortune*, 13 mars 2016. Sótt 4. september af <http://fortune.com/2016/03/13/cars-parked-95-percent-of-time/>

Páll V. Bjarnason og Drífa Kristín Þrastardóttir, Húsakönnun, verkamannabústaðirnir við Hringbraut, Minjasafn Reykjavíkur, skýrsla nr.123, Reykjavík 2005. Sótt 17. september 2017 af http://borgarsogusafn.is/sites/borgarsogusafn.is/files/atoms/files/skyrsla_123.pdf

Páll Vilhjálmsson. „Ingólfur var Garðbæingur” *Pallvil.blog.is*, 20. maí 2017. Sótt af https://pallvil.blog.is/blog/pall_vilhjalmsson/entry/2201723/http://pallvil.blog.is/blog/pall_vilhjalmsson/entry/2196178/.

Pilegaard, Charlotte. „Deleby” *Sonderborg*, 3 nóvember, 2017. Sótt 20. október 2017 af <https://sonderborgkommune.dk/politik-og-indflydelse/deleby>

„Tietgen Dormitory, Lundgaars and Tranberg Architects”, *ArchDaily*, 7. febrúar. Sótt 11. desember 2017 af <https://www.archdaily.com/474237/tietgen-dormitory-lundgaard-and-tranberg-architects>.

Wainwright, Oliver. „Oslo architecture triennale: Airbnb cosplay for the gig economy nomad.” *The Guardian*, 12 september, 2016. Sótt 11. desember 2017 af <https://www.theguardian.com/artanddesign/2016/sep/12/oslo-architecture-triennale-review-after-belonging>.

Viðtöl

Viðtal 1, 7. Nóvember, 2017. Viðtal höfundar við Guðrúnu Björnsdóttir.

Viðtal 2, 4. desember, 2017. Viðtal höfundar við Jakob Líndal

